

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
þriðjudaginn 7. janúar 2014, kl. 16.00**

Á fundinn voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason, Guðný Kjartansdóttir, Bjarni Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Drög að nýjum menningarsamningi 2014-2016

Fyrir fundinum lágu gögn frá fundi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 13. des. sl. er varða nýjan menningarsamning. Heildardrög að nýjum samningi hafa þó ekki borist enn. Þá er óvíst um framlag atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins.

Einnig var kynnt sameiginleg ályktun menningarfulltrúa landshlutanna um endurnýjun menningarsamnings.

Töluverðar umræður urðu um þau gögn er lágu fyrir fundinum. Að lokum var eftirfarandi samþykkt:

Nýr menningarsamningur 2014-2016

Á fundi Menningarráðs Norðurlands vestra, 7. janúar 2014, var rætt um þau gögn sem lögð voru fram á fundi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 13. des. sl. varðandi nýjan menningarsamning. Eftirfarandi var samþykkt:

Samningstíminn

Ekki er gerð athugasemd við lengd samningstímans en bent á að heppilegra sé að samningurinn sé til lengri tíma, t.d. fimm ára. Þá skapast meiri festa í framkvæmd hans og framtíðarsýn.

Fjármagn

Fjármagn ríkisvaldsins til verkefnastyrkja menningarsamnings Norðurlands vestra hefur minnkað um þriðjung frá upphafi og er orðið alls ófullnægjandi. Þá hafa framlög ríkisins til stofn- og rekstrarstyrkja einnig dregist saman og voru þeir þó landshlutanum verulega óhagstæðir strax frá upphafi.

Lagt er til að í nýjum samningi verði gert ráð fyrir auknum framlögum á árunum 2015-2016.

Reikniregla

Tillaga að nýrri reiknireglu er raunhæfari og gagnsærri en sá mælikvarði er notaður var við gerð síðasta menningarsamnings. Minnt er á að við þá breytingu varð Norðurland vestra fyrir verulegri skerðingu sem nú er leiðrétt að hluta miðað við nýja reiknireglu.

Menningarráð / Menningarfulltrúi

Bent er á að í úttekt Capacent á framkvæmd menningarsamningsins 2011-2013 kemur fram að núverandi fyrirkomulag við úthlutun fjármagnsins hafi gengið vel og að almenn ánægja sé með það. Ráðið telur því ekki ástæðu til breytinga og leggur til að í nýjum samningi verði ákvæði um skipan menningarráðs og menningarfulltrúa og hlutverk þeirra.

2. Styrkveitingar árið 2014

Verkefnastyrkir

Samþykkt var að hafa eina aðalúthlutun á árinu 2014 með umsóknarfresti til 12. feb. nk. Einnig voru úthlutunarreglur samþykktar.

Stofn- og rekstrarstyrkir

Samþykkt var að hafa eina úthlutun á árinu 2014 með umsóknarfresti til 12. feb. nk. Einnig voru úthlutunarreglur samþykktar.

Dreifibréf

Dreifibréf verður borið í hvert hús á Norðurlandi vestra í næstu viku, auk þess sem auglýsingar munu birtast í sjónvarpsvísunum landshlutans og e.t.v. víðar.

Þar sem síðasti menningarsamningur rann út um síðustu áramót þá eru ofangreindar samþykktir um styrkveitingar gerðar með fyrirvara um að samningar takist við ríkisvaldið um nýjan menningarsamning.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.15.
Ingibergur Guðmundsson